

Íslandsmótið í strandblaki 2020

Reglur v/COVID19

BLÍ biður alla sem koma að framkvæmd leikja að temja sér þessar reglur sérstaklega.

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur og nota handspritt
- Regluleg sótthreinsun sameiginlegra snertifleti og búnaðar/bolta á milli hópa
- Fækka snertiflötum eins og hægt er
- Notaða rakningarapp almannavarna
- Fylgja fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda og almannavarna um sóttkví og/eða einangrun.

Ef leikmaður eða annar einstaklingur innan félags, eða fjölskyldur þeirra, fær einkenni sem geta bent til COVID-19:

- Viðkomandi skal halda sig heima og alls ekki mæta á æfingasvæði eða leikvang
- Hafa skal samband við heilsugæslu símleiðis eða í gegnum www.heilsuvera.is eða við Læknavakt í síma 1700 svo unnt sé að framkvæma próf fyrir COVID-19 án tafar.
- Það er mjög mikilvægt að fara ekki í eigin persónu á heilsugæslu eða Læknavaktina
- Heilbrigðisstarfsfólk veitir ráðleggingar um næstu skref.

Reglur þessar eru til viðbótar þeim reglum um sóttvarnir sem BLÍ hefur sett í samráði við yfirvöld og ÍSÍ og gilda sérstaklega um Íslandsmótið 20.-23. ágúst.

Keppni í strandblaki 20.-23. ágúst 2020

- ✓ Eingöngu leikmenn, þjálfarar, sjúkrateymi og starfsmenn hafa aðgang að keppnissvæðinu.
- ✓ Keppendur eru beðnir um að koma klæddir og tilbúnir til leiks. Þátttakendur skulu einnig hafa með sér drykkjarföng sem óheimilt er að deila með öðrum og annan sérbúnað.
- ✓ Í búningasklefum skal virða 2ja metra regluna.
- ✓ Hver deild verður aðeins leikin á einum velli og hún kláruð án þess að aðrir spili á sama velli.
- ✓ Hlé verður gert á milli leikja til að sótthreinsa.
- ✓ Þátttakendur spritta hendur fyrir og eftir hverja hrinu og sama á við um allan búnað. Sameiginlegir snertifletir skulu sótthreinsaðir á milli leikja. Fækka skal sameiginlegum snertiflötum eins og hægt er, t.d. bekkjum, stólum og öðru slíku.
- ✓ Aðeins verða 4 boltar notaðir á hverjum velli sem mega ekki blandast milli valla og þeir sótthreinsaðir milli hrina.
- ✓ Dómgæsla er í höndum leikmanna annarra liða í sömu deild og skal notast við eigin flautu.
- ✓ Áhorfendabann er á keppnissvæðinu
- ✓ Engin veitingasala verður á keppnissvæði.
- ✓ Keppendur skulu virða 2ja metra regluna utan keppni.

Strandblak – almennt.

Lið í strandblaki er skipað tveimur leikmönnum. Keppt er á velli sem er í heildina 8*16 metrar og er einn dómari sem dæmir leikinn og einn ritari sem sér um stigatalningu. Að auki skulu tveir aðilar vera lausir og aðstoða við framkvæmd leiksins með bolta og sótthreinsun. Í heildina eru því 8 einstaklingar á keppnissvæði í hverjum leik. Aðrir keppendur eru á svæðinu í upphitun en í góðri fjarlægð frá keppnissvæðinu.

Minum á einstaklingsbundnar smitvarnir, frekari upplýsingar á Covid.is

Einkenni COVID-19:	Ef leikmaður eða annar einstaklingur innan félags, eða fjölskyldur þeirra, fær einkenni sem geta bent til COVID-19:
<ul style="list-style-type: none">• Hiti• Hósti• Andþyngsli• Hálssærindi• Slappleiki• Bein- og vöðvaverkir• Skyndileg breyting eða tap á bragð- og lyktarskyni	<ul style="list-style-type: none">• Viðkomandi skal halda sig heima og alls ekki mæta á æfingasvæði eða leikvang• Hafa skal samband við heilsugæslu símleiðis eða í gegnum netspjall á heilsuvera.is eða við Læknavaktina í síma 1700 svo unnt sé að framkvæma próf fyrir COVID-19 án tafar.• Það er mjög mikilvægt að fara ekki í eigin persónu á heilsugæslu eða Læknavaktina án þess að hringja fyrst.• Heilbrigðisstarfsfólk veitir ráðleggingar um næstu skref

Blaksamband Íslands
18. ágúst 2020